

## Tillaga

Lagt er til að starfsstöð Reykjanesfólkvangs verði framvegis á forræði bæjarskrifstofunnar í Grindavík og þau verkefni sem því fylgir. Grindavík, líkt og Reykjavík áður, hafi sjálfðæmi um hvaða starfsmaður gegni starfi þessu. Verkefnin eru líkt og verið hefur:

- Dagleg móttaka erinda frá almenningi, sveitarstjórnnum og stofnunum Ríkisins
- Upplýsingagjöf varðandi fólkvanginn til hlutaðeigandi sveitarstjórna og almennings
- Ritun og vistun fundargerða
- Skjalavarsla
- Móttaka, greiðsla og skráning reikninga
- Gerð ársreikninga
- Undirbúningur funda
- Stuðningur við stjórn vegna vinnu hennar og eftirfylgni ákvarðana

Innleiðing breytingarinnar hefjist 1. maí 2016 og verði að fullu innleidd í síðasta lagi 1. september 2016 með bókun stjórnar um að breytingin sé að fullu gengin í gegn. Formaður ber ábyrgð á innleiðingu breytingarinnar. Ákvörðun þessi verður ekki talin til lækkunar á framlögum Grindavíkurbæjar til starfsemi fólkvangsins.

Jafnframt er lagt til að stjórn Reykjanesfólkvangs kjósi sér nýjan formann. Lagt er til að fulltrúi Grindavíkurbæjar gegni því hlutverki frá og með fundi stjórnar í september 2016. Fulltrúi Grindavíkur kallar svo stjórn saman í upphafi nýs kjörtímabils 2018 og starfi í 2 ár en þá verði stefnt að því að fulltrúi Hafnarfjarðarbæjar taki við sætinu til loka kjörtímabilsins.

## Rökstuðningur

*Frá stofnun Reykjanesfólkvangs hefur hann haft aðstöðu fyrir sína stjórnslu hjá Reykjavíkurborg. Það kann að vera skiljanlegt í ljósi þess að sveitarstjórnarmenn í Reykjavík höfðu frumkvæði að stofnun fólkvangsins. Síðan hefur margt gerst. Sveitarstjórnartígið hefur eflst til muna og verkefni sem áður voru á hendi Ríkisins og hugsanlega í Reykjavík að einhverju marki eru nú leyst í öllum sveitarfélögum landsins. Sveitarfélögin sinna nú skipulagsmálum og áhersla á umhverfismál á sveitarstjórnartíginu hefur aukist til muna. Þá hefur margt breyst í því hvernig lítið er á skyldur sveitarfélaga gagnvart þessum málaflökum og ábyrgðin verið skýrð. Reynsla sveitarstjórna af vandaðri stjórnslu hefur vaxið gífurlega undanfarna áratugi. Mörk milli sveitarfélaga og skipting eignarhalds milli sveitarstjórna og Ríkisins hefur einnig tekið miklum breytingum með vinnu Þjóðlendunefndar og fleiri mála.*

*Formennska hefur verið í höndum fulltrúa Reykjavíkurborgar í krafti venjunnar og vegna fjárhagslegra hagsmuna Reykjavíkurborgar í starfi stjórnarinnar. Því fyrirkomulagi er kominn tími til að breyta. Mælt er til þess að framvegis verði formaður fulltrúi Grindavíkur fyrstu 2 ár hvers kjörtímabils en fulltrúi Hafnarfjarðar seinni 2 árin. Þannig hefji fulltrúi Grindavíkur vinnu stjórnarinnar á hverju kjörtímabili en fulltrúi Hafnarfjarðar taki svo við. Þá hefst vinnan á hverju kjörtímabili með nánnum stuðningi starfsmanns Grindavíkurbæjar sem þekkingu hefur á starfsemi en ákvörðunum er skipt milli þessara sveitarfélaga sem mest eiga undir starfi stjórnar fólkvangsins.*

*Með vísan til þess sem að ofan er rakið og nándarsjónarmiðsins, þ.e. að ákvarðanir og framfylgd ákvarðana sé best komið nærri áhrifasvæðinu og þeim sem verða ákvarðana varðar, er lögð fram ofangreind tillaga.*